



Drög - Starfsleyfisskilyrði fyrir móttökustöð SORPU í Gufunesi

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir SOPRU bs., kt. 510588-1189, að Gylfaflöt 5, hér eftir nefnt rekstraraðili.
- 1.2 Starfsleyfið gildir fyrir móttökustöð rekstraraðila við Gufunesveg 10 í Gufunesi, þar sem fram fer flokkun og böggun úrgangs, sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir móttöku og meðferð úrgangsefna allt að 150.000 tonnum á ári..
- 1.4 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á rekstrinum sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með hæfilegum fyrirvara, sbr. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.5 Endurskoða skal starfsleyfi að jafnaði á 4. ára fresti. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber 20. og 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999.
- 1.6 Rekstraraðila ber einnig að fylgja almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi, samþykkt í Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur 29. febrúar 2000, sbr. fylgiskjal 1.

2. Móttaka úrgangs

- 2.1 Heimilt er að taka á móti og meðhöndla allan úrgang sem ekki flokkast sem spilliefni samkvæmt reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Förgun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er óheimil.
- 2.2 Heimilt er að taka á móti stöðugum óvirkum spilliefnum sem fullnægja viðmiðunum um móttöku sem settar eru í viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. .
- 2.3 Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem sendur er til förgunar á urðunarstað. Þegar vart verður við spilliefni í móttökustöðinni skal skila þeim til spilliefnamóttöku sem leyfi hefur til móttöku. Rekstraraðili skal hafa verklagslýsingu sem tryggir rétta meðferð spilliefna.



- 2.4 Skrá skal upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, í samræmi við flokkunarkerfi reglugerðar nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Skrá skal tegundir, magn, uppruna, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrtæki ef við á, vinnsluáferðir og ráðstöfun úrgangsins.

3. Athafnasvæði og umgengni

- 3.1 Rekstraraðili skal halda ytra umhverfi snyrtilegu og gæta hreinlætis í hvívetna.
- 3.2 Koma skal í veg fyrir fok úrgangsefna frá athafnasvæði rekstraraðila.
- 3.3 Úrgang sem getur fokið eða gefið frá sér ólykt skal að jafnaði meðhöndla innandyr, nema til komi sérstakar ráðstafanir sem komi í veg fyrir mengun, t.d. girðingar, skjólveggir eða ráðstafanir sem koma í veg fyrir lyktarmengun.
- 3.4 Úrgangi sem geyma þarf utandyr skal koma fyrir með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt. Ávallt skal vera aðskilnaður á milli brennanlegra úrgangsflokka til að lágmarka sambrunahættu, í samræmi við ábendingar og kröfur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.
- 3.5 Fara skal með allan úrgang til endurvinnslu, flutnings, förgunar eða annarrar meðferðar þannig að tryggt sé að það valdi ekki ónæði eða óþrifnaði.
- 3.6 Rekstraraðili skal lágmarka aðsókn meindýra að athafnasvæðinu með skipulögðum meindýravörnum. Verði vart við meindýr, s.s. rottur eða vargfugla, skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu. Halda skal skrá yfir þær forvarnir sem viðhafðar eru, þau tilfelli er meindýra verður vart og aðgerðir sem ráðist er í.

4. Fráveita

- 4.1 Allt fráveituvatn frá móttökuhúsi skal hreinsað í hreinsivirki áður en það er losað í fráveitukerfi Reykjavíkurborgar. Útisvæði þar sem meðhöndlaður er úrgangur sem mengað getur frárennsli skulu lögð bundnu yfirborðslagi og fráveituvatn þaðan hreinsað í hreinsivirkinu áður en það er losað í fráveitukerfi.
- 4.2 Tæma skal hreinsivirki eftir þörfum og tryggja að úrganginum sé fargað með viðurkenndum hætti. Halda skal skrá yfir eftirlit, viðhald og tæmingar.
- 4.3 Við hreinsivirki skal vera búnaður svo hægt sé að loka fyrir frárennslið ef óhapp verður og óæskileg efni fara í niðurföll.
- 4.4 Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga í frárennsli frá hreinsivirkinu skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá vinnusvæðum kann að berast.
- 4.5 Til staðar skal vera viðeigandi búnaður og efni til hreinsunar spilliefna ef slík efni berast og óhapp verður.



5. Hávaði

- 5.1 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða
- 5.2 Hávaði skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum fyrir atvinnustarfsemi sem tilgreind eru í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

6. Mengunarvarnir

- 6.1 Rekstraraðili ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu fáanlegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind, og nýta skal orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.
- 6.2 Rekstraraðili skal hafa samband við Heilbrigðiseftirlitið eins fljótt og auðið er komi til meiriháttar óhapps t.d. ef mengunarefni berast út í umhverfið sem gætu stofnað heilsufari almennings í hættu og/eða valdið röskun lífríkis. Einnig ef ófyrirsjáanlegar aðstæður leiða til rekstrarstöðvunar. Þegar í stað skal grípa til aðgerða til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu og kalla til Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Í þeim tilvikum sem lög kveða á um skal einnig tilkynna mengunaráhöpp til Umhverfisstofnunar.
- 6.3 Verði á starfstímanum mengun af völdum starfsemi rekstraraðila í Gufunesi sem gæti stofnað heilsufari almennings í hættu og/eða valdið röskun lífríkis, skal rekstraraðili koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að berast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem hefur orðið eftir óhapp eða annað atvik, á sinn kostnað.
- 6.4 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðarfyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 6.5 Rekstraraðili skal hafa neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði móttökustöðvarinnar ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri hennar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem starfsemin liggur niðri. Neyðaráætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

7. Tryggingar

- 7.1 Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.



8. Innra eftirlit og skráningar

- 8.1 Rekstraraðili skal mæla mengunarefni í frárennsli frá hreinsivirki móttökustöðvarinnar í Gufunesi, samkvæmt mælingaáætlun í töflu 1.

Tafla 1. Mælingaáætlun fyrir fráveituvatn

Mælipáttur	Tíðni
Rennsli	Stöðugar mælingar yfir vinnsludag þegar sýnataka fer fram
Hitastig, sýrustig, leiðni, heildarmagn svifagna, súrefnisþörf (COD), heildarmagn uppleystra efna (TDS), olía/fita, ammóníak ($\text{NH}_3/\text{NH}_4^+$) nítrat (NO_3^-), köfnunarefni (N_{heild}), fosfór (P_{heild}), lífræn halogensambönd (AOX), blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd)	Einu sinni á ári fyrir 1.október

- 8.2 Taka skal sýni af fráveituvatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð.
- 8.3 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur krafist frekari hreinsunar á frárennslinu ef mælingar mengunarefna sbr. grein 8.1 gefa tilefni til.
- 8.4 Tíðni mælinga og umfang þeirra skulu endurskoðuð, ef rekstraraðili og Heilbrigðiseftirlitið telja ástæðu til.
- 8.5 Fráveituvatn skal uppfylla losunarmörk sem tilgreind eru í töflu 2.

Tafla 2. Losunarmörk fyrir fráveituvatn.

Mælipáttur	Styrkur
Lífrænt efni sem COD, mg O ₂ /L	1000*
Svifagnir, mg/L	500*
Olía og fita (óskautuð), mg/L	100*
Hitastig, °C	35*
Sýrustig, pH	6,5 -10*
Kvikasilfur, mg/L	0,03
Kadmíum, mg/L	0,15
Blý, mg/L	0,2

* Meðaltal fyrir vinnsludag.

- 8.6 Fari mælipáttur yfir losunarmörk skal mæling á honum endurtekin
- 8.7 Með eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi lýkur í Gufunesi skal fara samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit eða annarra laga og reglugerða þegar við á.
- 8.8 Rekstraraðili skal hafa reglulegt innra eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal eftirfarandi og skulu skráningar vera aðgengilegar Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur hvenær sem er:



1. Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr.gr. 2.4.
 2. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 6.2 og 6.3.
 3. Rekstur fráveitukerfis, s.s. eftirlit, viðhald, tæmingar, förgun úrgangsefna sem safnast fyrir í hreinsivirki og niðurstöður efnagreininga, sbr. gr. 4.2 og 8.1.
 4. Meindýravarnir, s.s. forvarnir, tilfelli er meindýra verður vart og aðgerðir, sbr. gr. 3.6.
- 8.9 Rekstraraðili skal fyrir 1. mars ár hvert skila skýrslu með samtekt skráninga sbr. gr. 8.7 fyrir síðasta almanaksár til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Einnig skal senda Umhverfisstofnun skráningar skv. lið 1 sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003. Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar upplýsingar.

9. Endurnotkun og endurnýting úrgangs

- 9.1 Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og -nýtingu úrgangs eins og kostur er, í samræmi við gildandi svæðisáætlun sveitarstjórnar. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi sem berst í slíka vinnslu í þann farveg, ef kostur er.
- 9.2 Rekstraraðili skal upplýsa almenning, fyrirtæki og stofnanir um möguleika á endurnýtingu og endurvinnslu úrgangsefna sem fyrirtækið getur tekið á móti.
- 9.3 Heimilt er að gera tilraunir með endurvinnslu hættulítls úrgangs, t.d. tímurs, plasts eða pappírs, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Rekstraraðili skal gera grein fyrir umfangi, tilgangi og markmiðum tilraunastarfseminnar áður en til framkvæmdar hennar kemur, sem og þeim aðgerðum sem hann telur nauðsynlegar til að fyrirbyggja mengun sem henni kann að fylgja.

10. Verkstjórn

- 10.1 Starfsemi í starfstöð rekstraraðila skal ávallt vera undir yfirumsjón starfsmanns sem þekkingu hefur á öllum búnaði stöðvarinnar og þeim starfsháttum sem starfsleyfi þetta kveður á um. Skal starfsmaðurinn jafnframt kunna skil á öðrum ákvæðum starfsleyfis og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðeigandi lögum og reglugerðum skulu ávallt tiltæk í starfstöð.
- 10.2 Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á hættulegum eiginleikum þeirra efna sem það getur komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar í starfstöð. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 10.3 Verktakar sem annast verk fyrir rekstraraðila við meðhöndlun úrgangs skulu hafa tilskilin leyfi.



11. Eftirlit

- 11.1 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfsemi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðila er skylt að láta eftirlitsaðila í té þau gögn sem nauðsynleg eru til þess að kanna hvort skilyrðum starfsleyfis sé fullnægt.

12. Upplýsingaréttur almennings

- 12.1 Almenningsur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999.



Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi

1 Lóð, rekstrarsvæði og húsnæði

- 1.1 Athafnasvæði og húsnæði skal haldið snyrtilegu og þess gætt að rekstrarsvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Sorphirslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins.
- 1.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt.
- 1.3 Ef líkur eru taldar á því að rekstrarsvæði fyrirtækis hafi mengast, skal fyrirtækið ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Um ákvörðun um athugun á rekstrarsvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 1.4 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 7 og 8 í reglugerð nr. 805/1999 um úrgang.

2 Meðferð hættulegra efna

- 2.1 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings. Hættuleg efni eða spilliefni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að ekki stafi hætta af þeim.

3 Meðferð spilliefna og annars úrgangs

- 3.1 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang.
- 3.2 Fyrirtækið skal eftir mætti draga úr myndun spilliefna, m.a. með notkun skaðlausra efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
- 3.3 Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Spilliefnategundum skal haldið aðskildum eftir því sem þörf er á og óheimilt er að blanda þeim við annan úrgang nema Hollustuvernd ríkisins hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með innihaldi og tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætta á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
- 3.4 Ekki skal losa spilliefni í fráveitu.
- 3.5 Spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins og skal skilað reglulega til aðila sem leyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
- 3.6 Þegar fyrirtækið afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal það halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Samskonar upplýsingar skulu



fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.

- 3.7 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
- 3.8 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 810/1999 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

4 Mengunarvarnir

- 4.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 4.2 Allar viðeigandi ráðstafanir skal gera til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa.
- 4.3 Mengunarvarnir hjá atvinnurekstri skulu vera samþættar, sbr. gr. 14 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Nota skal bestu fáanlegu tækni við mengunarvarnir í samræmi við skilgreiningar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur eða Hollustuverndar ríkisins fyrir viðkomandi atvinnugrein. Orka skal vera vel nýtt. Fyrirtæki með starfsleyfi og voru starfandi fyrir 2. desember 1999 þurfa ekki að uppfylla ákvæði þessarar greinar fyrr en 31. október 2007. Sama á við um fyrirtæki sem höfðu sótt um starfsleyfi fyrir sama tíma enda taki þau til starfa fyrir 2. desember 2000.
- 4.4 Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 933/1999 um hávaða.
- 4.5 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar eða hávaða. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri, er fyrirtækinu skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. um uppsetningu hreinsunarbúnaðar eða hærri útrásar.
- 4.6 Þar sem fljótandi hættuleg efni og spilliefni geta lekið niður skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökvann. Þar sem er mikið magn spilliefna eða hættulegra efna skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra að efnin geti borist í niðurföll.
- 4.7 Þar sem olíuefni af jarðolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Megi gera ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olúskilju. Olúskilja skal vera skv. leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins.
- 4.8. Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerðar nr. 79/1996 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum með síðari breytingum, reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerðar nr. 789/1999 um styrk kolmónoxíðs í andrúmslofti, reglugerðar nr. 790/1999 um brennisteinsdíoxíð og svifryk í andrúmslofti, reglugerðar nr. 792/1999 um blý í andrúmslofti, reglugerðar nr. 793/1999 um köfnunarefnisoxíð í andrúmslofti, reglugerðar nr. 794/1999 um varnir gegn mengun asbests, reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns,



reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, reglugerðar nr. 800/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri í yfirborðsvatn, reglugerðar nr. 802/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum í yfirborðsvatn, reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og reglugerðar nr. 809/1999 um olíuúrgang.

5 Eigið eftirlit og skráning

5.1 Fyrirtækið skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:

- a) Úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olúskiljum, skorsteinum og loftrásum.
- b) Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- c) Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Ennfremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
- d) Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

6 Ýmiss ákvæði

- 6.1 Eintak af skilyrðunum skulu ávallt tiltæk á vinnustað og skal forráðamaður fyrirtækisins bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 6.2 Um opinbert eftirlit Umhverfis- og heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfseminni fer skv. 12.gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og ef við á sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemina.
- 6.3 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirlitinu með a.m.k. 4 vikna fyrirvara ef fyrirhugaðar eru breytingar á atvinnurekstrinum.
- 6.4 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirlitinu strax um meiri háttar mengunarslys sem kunna að verða.
- 6.5 Starfsleyfi skulu endurskoðuð skv. áætlun Heilbrigðiseftirlitsins um endurskoðun starfsleyfa skv. bráðabirgðarákvæði I í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun en annars eigi síðar en 4 árum frá gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða

- I. Starfsemin er einnig háð sértækum skilyrðum um viðkomandi fyrirtæki eða atvinnurekstur eftir að þau hafi hlotið samþykki Heilbrigðis- og umhverfisnefndar Reykjavíkur. Endurskoðun sértækra starfsleyfisskilyrða fer fram skv. áætlun Heilbrigðiseftirlitsins, sbr. gr. 6.5.

Samþykkt á fundi Umhverfis- og heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 29. febrúar 2000.